

Umhverfisnefnd- samgöngunefnd Alþingis
Alþingi
150, Reykjavík

Umsögn Landssambands veiðifélaga við frumvarp umhverfisráðherra til nýrra laga um náttúruvernd, mál nr. 429, á þingskjali nr. 537

Landssamband veiðifélaga gerir eftirfarandi athugasemdir vegna frumvarps til breytinga á náttúruverndarlögum sem Alþingi hefur nú til meðferðar.

Landssambandið gerir alvarlegar athugasemdir við undirbúning frumvarps til nýrra náttúruverndarlaga. Svo virðist sem ráðuneytið telji sig ekki þurfa að fara að reglum sem skráðar eru í handbók sem forsætisráðuneytið gaf út árið 2007, um undirbúning og frágang lagafrumvarpa. Þetta á sérstaklega við um ákvæði 2. gr. varðandi mat og rökstuðning fyrir nauðsyn lagasetningar og ekki síður um ákvæði 4. gr. lið 3 um samráð við almenning og hagsmunaaðila. Ljóst er að engin umræða hefur farið fram við eigendur lands eða landsréttinda um efni frumvarpsins á undirbúningstíma þess.

Þetta er sérlega ámælisvert þar sem frumvarpið gengur á ýmsum sviðum nærri lögvörðum hagsmunum eigenda lands og landsréttinda. Ekki verður ráðið af lestri frumvarpsins að höfundar þess beri ótakmarkaða virðingu fyrir séreignarrétti á landi sem þó er m.a. varinn í stjórnarskrá lýðveldisins. Landssamband veiðifélaga telur fullt tilefni til að endurskoða ýmis ákvæði laga um náttúruvernd en lýsir andstöðu við frumvarpið í núverandi búningi.

Landssamband veiðifélaga gerir alvarlegr athugasemdir við að ekkert samráð var haft við hagsmunaaðila við smíði frumvarpsins. Frumvarpið var einungis sett í almenna kynningu að vef ráðuneytisins og ljóst er að ekki var tekið tillit til ábendinga hagsmunaaðila um veigamestu atriði frumvarpsins. Hér er um mjög viðamikið mál að ræða og því allt of skammur tími ætlaður til að ræða afleiðingar og réttaráhrif þess, nái frumvarpið fram að ganga. Nær hefði verið að gefa hagsmunaaðilum kost á að taka þátt í vinnu við undirbúning nýrra laga um náttúruvernd og skapa þannig sátt um þennan málaflokk. Það er miður, að sú leið hafi verið valin, að láta þessu vinnu fara fram án aðkomu eða samráðs við þá hagsmunaaðila sem eiga land og réttindi því teng. Þau vinnubrögð hafa þegar leitt til mikils ágreinings og átaka um þennan mikilvæga og vandmeðfarna málaflokk.

Ekki verður annað ráðið af frumvarpinu, en það sé mat höfunda þess að landeigendur almennt fari illa með eignarlönd og brýn þörf sé fyrir hendi að setja reglur til að stemma þar stigu við. Engan rökstuðning fyrir slíku er þó að finna í frumvarpsdrögum, heldur virðist þessi þörf byggð á persónulegri skoðun höfunda þess. Þetta sjónarmið hlýtur að liggja til grundvallar fráleitum ákvæðum 31. gr. um bann við akstri vélknúinna ökutækja utan GPS merktra slóða á eignarlöndum. Landssamband veiðifélaga telur að þessi ákvæði muni gjörbreyta framkvæmd reglna um bann við utanvegaakstri frá því sem nú er, og torvela nýtingu veiðivatna. Sjónarmið okkar um þessi efni liggja fyrir í umsögn landssambandsins vegna frumvarps til breytinga á náttúruverndarlögum sem lagt var fram á síðasta þingi og vísun við til þess sem þar kemur fram. Landssamband Veiðifélaga vekur einnig athygli á breytingartillögu umhverfis-og samgöngunefndar, um bann við utanvegaakstri, sem kom fram á síðustu dögum vörþingsins við sama frumvarp. Sú tillaga er um margt hófstilltari og skynsamlegri en ákvæðin í fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum. Nauðsynlegt er að ná sátt um skýrar reglur til að koma í veg fyrir landskemmdir vegna aksturs utan vegar. Þær reglur þurfa að taka mið af því vandamáli sem er til staðar og vera auðveldar í framkvæmd. Slík ákvæði eiga ekki að ganga lengra en svo að taki til þjóðlendna og annarra eignarlanda opinberra aðila. Að öðrum kosti þarf ráðuneytið að sýna fram á nauðsyn þess að setja sömu íþyngjandi reglur innan eignarlanda einkaaðila. Þá þarf að skoða hvort ekki er skylt að merkja þá gps slóða sem heimilt er að aka með sýnilegum hætti. Að öðrum kosti kann almenningur, sem á för um landið á vélknunum öktækjum utan vega, að vera settur í þá óþolandi stöðu að brjóta af sér af vangá. Vafi kann að vera á að gps merking ein og sér tryggji lagastoð svo unnt verði að koma refsingu yfir þá sem þannig skemma land viljandi eða með óvitahætti.

Landssamband veiðifélaga varar eindregið við þeirri lagahyggju sem birtist í þessari grein frumvarpsins og er lýsandi dæmi um ofríki stjórnvalds og takmarkaðri virðingu fyrir rétti landeigenda til að fara um eignarlönd sín.

Landssamband veiðifélag lýsir sérstakri andstöðu við að það ákvæði sem fram kemur í 1. mgr 19. gr. Greinin felur í raunni í sér rétt almennings til að njóta stjórnarskrárvarinna eigna annarra. Heimildir greinarinnar um óskilgreindan rétt manna til dvalar innan eignarlanda gengur augljóslega gegn rétti landeigenda sem tryggður er í mannréttindasáttmála Evrópu, um rétt manna til að njóta eigna sinna. Í þessu sambandi verður einnig að líta til stóraukins fjölda ferðamanna til landsins en þeir njóta að sjálfsögðu réttinda á grundvelli þessarar greinar.

Landssamband veiðifélaga gerir alvarlega athugasemd við ákvæði 21. gr. frumvarpsins um rétt almennings til umferðar og baða í ám og vötnum, en laxveiðiár falla undir skilgreiningu sem vötn í frumvarpinu. Landssambandið telur nauðsynlegt að almenningur geti ekki talið til þess réttar sem frumvarpið geymir í ám og vötnum og á þeim tíma sem stangveiði er stunduð.

Lagt er til að eftirfarandi setning bætist við frumvarpsgreinina: Framangreindar heimildir gilda þó ekki um vötn sem nýtt eru til stangveiða um veiðitíma.

Þá vantar ákvæði í lög um húsbíla sem ferðamenn flytja til landsins vegna þeirrar hættu sem stafað getur af vatnsgeymum og vatnsbirgðum sem með þeim kunna að verða flutt. Íslenskt vistkerfi í ám og vötnum er algjörlega óvarið gegn framandi sníkjudýrum sem leynast kunna í innfluttu vatni með slíkum farartækjum. Þarna er mikil hættu á ferðum eins og dæmin sanna þegar sníkjudýrið Gyrodactylus var flutt til Noregs með þeim afleiðingum, að nú eru þar yfir 40 laxveiðiár laxlausar af þeim sökum.

Landssambandið gerir alvarlegar athugasemdir við að í því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi, er ekki að finna ákvæði um skyldu hins opinbera til að verja náttúru landsins gegn ágengum tegundum svo sem tófu og mink. Þessum dýrategundum hefur fjölgað mikið undanfarin ár og ógna jafnvægi í dýralífi landsins. Á slíkum þáttum þurfa ný lög um náttúruvernd að taka öðru fremur. Þá má einnig benda á hin ósýnilegu verðmæti sem óðum eru að rýrna s.s. þekkingu landsmanna á örnefnum landsins. Skrásetning örnefna og varðveisla upplýsinga um staðsetningu þeirra á að vera snar þáttur í vernd náttúruverðmæta.

Landssamband veiðifélaga leggst eindregið gegn því að fyrirliggjandi frumvarp verði samþykkt sem lög frá Alþingi í núverandi mynd. Málið er vanbúið með öllu og um það er mikill ágreiningur í samfélaginu. Þá er ljóst að ógerlegt verður að framfylgja ákvæði 31. gr. frumvarpsins um ómálefnalegt bann við utanvegaakstri innan eignarlanda. Til þess skortir bæði fjármuni og mannafla í löggæslunni. Nær væri að lög um náttúruvernd geymdu viðurlög verði landeigandi uppvis að því að skemma land sitt með þeim hætti.

Reykjavík 8. febrúar 2013.

F.h. Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson